

30/i 59.

Vesturlandsundæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1958

Daniel Kristjánsson,
skógarvörour.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1958.

Girðingar:

Engar skógræktargirðingar voru girtar á árinu, en Hvammsland í Skorradal var girt að tilhlutan Skógræktar ríkisins og er girðing sú 3450 m löng. Jöfnum höndum var notað vírnet og gaddavír. Með vírnetinu eru 3 strengir gaddavír, en þar sem gaddavír er notaður eingöngu eru 6-7 strengir. Þá er nokkuð af járnstaurum en langmest tréstaurar. Járnpípur, steyptar niður sem máttarstaurar. Höð girta land er mjög mishæðótt, og varð að flytja mikinn hluta girðingarefnis á hestum upp á fjall og einnig varð að bera sumt langer leiðir.

Þá var girt ný girðing - 380 m. längur kafli - meðfram þjóðvegi í Hvammslandi til vörzlu skógræktar Hauks Thors, enn fremur endurbættur 380 m langur kafli í sömu girðingu.

Viðhald ýmissa girðinga er alltaf mikill, þæríði sökum vatnavaxta og þar sem snjóalög eru mikil. Jafnaskarðsgirðing verður alltaf erfið í viðhaldi af þáðum þessum orsökum.

Ekkert var átt við Sauðhússkógargirðingu, enda algjörlega óviðunandi framvegis. Haukur Ragnarsson skógræðingur athugaði Sauðhússkóg og ásigkomulag girðingarinnar í summar, og telur hann landið lítt nothæft til skógræktar þegar frá er skilinn lítill hluti þess lands er girt var í upphafi. Ákvörðun um fremtíð Sauðhússkógar þolir enga bið.

Jörvagirðing í Kolbeinsstaðahreppi er að verða ónýt og gengur fí í girðinguna, verður einnig að taka ákvarðanir um framtíð þeirrar girðinger fyrir næsta vor.

Þá eru girðingarnar á Stórafjalli, Arnbjargarlæk og Hvammi í Norðurárdal mjög slæmar og verður að umbæta þær næste summar ef

samningar um framtíðar skógrækt í þeim verða tryggðir. Í öllum þessum girðingum er mjög gott skógræktarland.

Þá eru girðingar í Skorradal mjög háðar tíðum sveiflum á flóði og fjöru Skorradalsvatns. Starar skógrækt í Skorradal mikil hætta af bessi í framtíðinni, ásamhlíðunum sem þar verða sökum þjóðvegarins. Umferðin stóreykst árlega - og hættan um leið.

Frumskilyrði þess að árangur fáist af skógræktarstarfi - er örugg varzla.

Gróðursetning var sem hér greinir:

Jafnaskarð, vorgróðursetning:

Sitkabastarður	(Sawing)	2/3	7.500
Sitkagreni	(Sweard)	2/2	4.800
Rauðgreni	(Bindal)	2/2	8.000
Rauðgreni	()	2/3	7.500
Skógarfura	(Sjomen)	3/0	6.000
Skógarfura	(Dalei)	2/2	6.000
Skógarfura	(Trømsströnd)	3/0	<u>8.000</u>
			47.800

Haustgróðursetning:

Rauðgreni	(Rana)	39.900
Rauðgreni	(Bindal)	<u>10.350</u>
		50.350

Alls plantað í Jafnaskarðsskóg: 98.160 plöntum.

Stálpastastaðir, Braatenlundur:

Sitkagreni	(Sweard)	4.000
Rauðgreni	(Bindal)	4.000
Kontoratafura	(Skagway)	<u>2.000</u>
Samtals:		10,000

Tilraunaþeitir (ýmsar tegundir) 4.800 plöntur

102.850

Minningarlundur Halldórs Vilhjálmssonar:		168.00
Fjallapöll	(Sawing)	3.000
Sitkagreni	(Hamer)	4.000
Sitkagreni	(Sweard)	4.000
Hvítgreni		2.000
Sitkabastarður	(Sewing)	7.000
Rauðgreni	(Dreija)	9.500
Rauðgreni	(Rana)	500
Kontortafura	(Skagway)	5.000
	Samtals:	35.000
Alls á Stálpastöðum:		49.800 plöntur

Hvammur í Skorradal, girðing Hauks Thors:

Sitkagreni	(Sweard)	2.500
Rauðgreni	(Dreija)	2.500
	Samtals:	5.000

Ytrafell á Fellsströnd, gróðursettar:

Sitkagreni	1.000
------------------	-------

Í nágrenni græðireitsins í Norðtunguskógi voru gróðursettar:

Rauðgreni	(N-Helgoland)	2/2	2.500
Sitkagreni		2/2	4.050
Skógarfura	(Tromsstr.)		2.600
Kontortafura		2/2	2.300
	Samtals:	11.450 plöntur	

Allar þessar plöntur eru úr reitnum í Norðtunguskógi.

Alls hefur verið plantað í girðingar skógræktarinnar á þessu svæði 165.350 plöntum.

Heita mátti að öllu væri plantað í ákvæðisvinnu, en frá hálfu skógræktarinnar hefur ekki verið gengið frá því máli, og var gjaldið fyrir plönturnar í algjörðu ósamræmi við þá gróðursetningaraðferð sem innleidd var jafnhliða ákvæðisvinnunni.

$$\begin{aligned}
 & 155.000 \text{ á } 30\% \text{ eru } 46.500 \\
 & 4.800 \\
 & 150.000 = 2.16 \text{ r. hl} \quad 316.000
 \end{aligned}$$

Græðireiturinn í Norðtunguskógi var starfræktur sem að undanförnu.

Úr reitnum komu:

Rauðgreni	2.500
Sitkagreni	4.050
Skógarfura	5.600
Kontortafura	<u>2.300</u>

samtals 14.450 plöntur.

Allar þessar plöntur voru gróðursettar í nágrenni við græðireitinn, að undanskildum 3000 skógarfurum er fóru á ýmsa staði.

Pá voru fengnar sáðplöntur frá Tumastöðum til dreyfsetningar er hér greinir:

Sitkagreni ($\frac{1}{2}$ Jmean)	10.600 ✓
Rauðgreni (N-Helgol.) $\frac{1}{2}$?	59.800 ✓
Brodd og Blágreni Sap. $\frac{1}{2}$	20.700 ✓
Skógarfura (Tromsstr.) $\frac{1}{2}$	<u>86.500</u>
	177.600 plöntur

Haldið var áfram með undirbúnings jarðvinzlu vegna dreyfsplöntunar.

Mikið af sauðataði var borið í landið er var unnið og sáð höfrum í tvær dagsláttur, en sökum óvenjulegra þurrka spruttu hafrarnir illa.

Byggður var geymeluskúr 3.5 X 4 m, járnverinn á steyptum sökkli. Ennfremur var litli skúrinn færður að aðalhúsinu og honum skipt í tvennt, en annar endinn notaður fyrir matvälageymslu en hinn fyrir hlífðarföt verkafólks og þær þvær fólk sér einnig.

Miklum erfiðleikum er bundið að vera háður vatnslögn um langan veg í þurkasumrum, er mjög aðkallandi að byggja vatnsgeymi fyrir ofan reitinn, mundi slík framkvæmd spara vinnuafli til muna, auk þess aukin trygging á öruggri og góðri vökvun.

Úr reitnum ættu að koma í vor um 15 - 20 þús. barrplöntur af ýmsum tegundum einnig væri hægt að fá allt að 20 þús. til gróðursetningar í ágúst, rösklega helmingur af því yrði skógarfura - hitt sitkagreni og rauðgreni. Plönturnar lifðu allvel í summar, þrátt fyrir óvenjulega þurrka, en framför í ungviðinu var lítil - enda vonað svo yrði.

Vetrarumbúnaður var lokið fyrir septemberlok og var einvöðungu notað birkilim yfir beðin.

Skógarhögg:

Mikið var grisjað á Stálpastöðum, byrjað snemma vors og haldið áfram unz lokið var gróðursetningu seint í júní. Þá var einnig grisjað mjög mikið í Jafnaskarðsskógi í summar, og lítið eitt í haust. Grisjun á þessum stöðum er afar tímafrek, kjarrið er pétt, og í Jafnaskarðsskógi fellur allvænn skógur. Þá er oft erfiðleikum bundið að koma fyrir öllu er fellur, því leiðinlegt er að sjá mikið af góðu skógræktarlandi þakið upphöggnu birkikjarri, og geta ekki nýtt landið til gróðursetningar, en síkt verður þó ekki umflúið.

Þrátt fyrir þá feikna vinnu sem lögð var í grisjun á árinu, er þó ekkert grisjað land - að kalla - til næsta vors, og er síkt mjög slæmt. Nauðsyn ber til að nota miðsumarið meira til grisjunar, því haustvinna er alltaf dýr til skógræktarstarfa, enda oft útilokað að fé vinnukraft á þeim tíma árs. Sama gildir snemma á vorin áður en skólum er lokið, þá er vinnafl ófáanlegt og alltos dýrt miðað við afköst á þeim tíma árs.

Laufgun - fræfall - vöxtur - tíðarfær.

Skógur laufgaðist fyrstu daga júnímánaðar, en lauffall var frá 15. sept. - 25 sept. Fræár var afer lélegtog hygg ég petta vera minnsta fræ í nálega 30 ár.

Vöxtur á barrplöntum 3 - 10 ára var mjög góður. Mældust árssprotar á greni og furu allt upp í 60 cm. og dæmi eru til um meiri vöxt. Plöntur er staðið hafa í jörð minna en 3 ár virðast að jafnaði fá minni árs vöxt. Rauðgreni á aldrinum 6 - 9 ára virðist dafna mjög jefnt - hefur þróttlega svera árssprota og liturinn fagurgrænn. Mikill virðist sá munur hve barrplöntur lifa betur og taka öruggari framförum þar sem plantað er í kjarrlendi, en á kjarrlausum jörðum.

Svo virðist að saltveðrið mikla frá 1956 ætli að hafa varanleg áhrif á birkikjörr - einkum í Dalasýslu. Eru allvíða svartar eyður í kjarrið og kvistir kaldið allt að rótum.

Allharður veturnar frá áramótum og snjóalög mikil. Gerði þýðviðri og leysti snjó í lágsveitum í apríl. Með maí brá til aftaka kulda og norðanáttar með stormi og frosti, en húðarjagandi oft í fjallasveitum. Hélzt sá kuldi allt til júníbyrjunar og fóru þá veður að hlýna, en úrkoma lítil. Sumarið allt að miðjum september aftaka purrkasamt og skrælnaði jarðargróður víða, urðu grasivaxnar hlíðar víða brúnar yfir að líta. Lyng sölnaði og í bröttum jarðvegslitlum hlíðum skrælnaði birkikjarr og varð svart. Bláberjavöxtur mikill, en krækiber uxu aðeins í fjöllum. Um miðjan september brá til úrkomu og gerði veður mild - allt til desemberloka, en úrkomur voru afar miklar oft.

Kvaddi árið 1958 með einum veðrabeztu jólum er eldri menn muna. Athyglisvert er, þótt græsvöxtur væri allvíðast í lakara lagi á árinu, uxu barrplöntur með beztu móti. Virðist margt spá góðu um vöxt og viðgang barrplantna í íslenzkri mold, þar sem skjóls nýtur af birkikjarri fyrstu árin.

Dagleg störf - Ferðalög - Ýmislegt.

Störf mín eru sem að undanförnu mjög margbætt. Mikill tími fer til undirbúnings aðalstörfunum á vorin. Ráða verður margt af fólk og sjá því fyrir öllum nauðsynjum, oft í mörgum vinnuflokkum samtímis, útvega tjöld, hitunartæki, mataríflát og margt fleira. Auk þess reikningshald og útborganir, en þær eru oft miklum erfiðleikum háðar söku þess hve margt af fólkini er stuttan tíma, og fer að því loknu mjög langt frá vinnustað, hinsvegar eru fjárhagsástaður oft þann veg, að ekki eru ~~vinnugang~~ handbærir þá daga sem fólkis fer úr vinnu. Kostar þetta oft mikla aukevinnu og ferðalög fyrir mig. Þá hefi ég á hendi, sem að undanförfnu, eftirlit með framkvæmdum Skógræktarfél. Borgarfjarðar, Systkinareit og

Snorragarði í Reykholti, Skógræktarfíramkvændum Kaupfélags Borgfirðinga, Kvennaskólanum Varmalandi, Ytrafellsgirðingu í Dalasýslu og mörgum fleiri girðingum, sem ekki heyra undir Skógrækt ríkisins. Fyrir þessi aukstörf hef ég ekki tekið greiðslu. Ennfremur hafa skógræktarfélög víðar að leitað til mínum um ýmsa mál varðandi skógrækt, auk þess er fjöldi einsteklinga sem leitar til mínum sömu erinda. Inni af hendi miklar bréfaskriftir, símtöl svo hundruðum skiptir o.fl. þjónustu í þágu skógræktarinnar.

Ég var 220 daga fjarverandi í erindum skógræktarinnar. Helstu ferðalög voru þessi:

Í Reykjavík dvaldi ég frá 23. Þebr. - 4. mars á hinum árlega fundi skógarvarðanna. 27. apr. fór ég ásamt Snorra Sigurðssyni á aðalfund Heiðsynninga á Snæfellsnesi. 11 og 12 maí fór ég ásamt Snorra Sigurðss. til Búðardals í Dalasýslu og á aðalfund Skógræktarfél. í Stykkishólmi. 7. júní fór ég að Ytrafelli í Dalasýslu. 19. og 20. júní fór ég vestur að Ísafjarðardjúpi og athugaði skógrækt Jochums Eggertssonar að Skógum við Þorskafjörð. 24. - 25. og 26. ágúst fór ég norður í Strandasýslu að Svanshóli meðal annars, en í Strandasýslu hef ég ekki komið í mörg ár í skógræktarerindum fyrr en nú.

Auk þessara ferða hef ég farið um Borgarfjarðarhérað, til Reykjav. og fjölda annarra ferða. Haukur Ragnarsson skógræðingur annaðist alla gróðursetningu í Skorradal síðastliðið vor. Ennfremur dvaldi hann í ágúst við mælingar á Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi, og athugaði einnig möguleika til skógræktar í Sauðhússkógi. Færri ég honum beztu pakkir fyrir samstarfið og góða vinnu. Guðmundur Pálsson var verkstj. í Norðtungugræðireit einn mánuð s.l. vor, meðan annir voru mestar, en er nú hættur skógræktarstörfum í bili. Færri ég honum beztu pakkir fyrir samstarfið. Ólafur Jóhannesson, kennari frá Litlaskarði, hafði verkstjórn við útplöntun í Norðtunguskógi um nokkurra ára skeið, og nú síðast verkstjóri við haustplöntunina í Jafnaskarðsskógi, en hann andaðist

nokkrum áögum eftir heimkomuna frá því verki. Verður hans skarð vandfyllt við stjórn á unglungum.

Nokkrir góðvinir skógræktarinnar komu á þessar slóðir á árinu - bæði erlendir og innlendir, þar á meðar Braathen hinn norski, er gefið hefur rausnar gjafir til skógræktar í Skorradal. Varaformaður Skógræktarfél. Íslands, Hákon Guðmundsson, kom ásamt skógræktarstjóra Hékonni Bjarnasyni og ferðuðust þeir um Skorradal og víðar - pakka ég öllum skógræktarmönnum komu þeirra í Borgarfjörð.

Margir einstaklingar og félög gróðursetja árlega mikið af plöntum, en yfir það eru oft takmarkaðar upplýsingar.

Kaupfélag Borgfirðinga hefur að þessu sinni lagt fram feikna mikla fjármuni til skógræktar og búið að gróðursetja í ár yfir 50 þús. plöntur.

Árið sem er að líða var mikið anna-ár í skógrækt í Borgarfj. héraði - öll störf við skógrækt hér hafa margfaldast. En slíkt gott ef framhald gæti orðið.

Mörgu er ábótavant, en von míni er að reynzla liðinna ára gefi framtíðinni svör við ýmsu varðandi skógrækt, er var okkur hulið.

Að endingu þakka ég skógræktarstjóra og öllu starfslíð skógræktarinnar gott samstarf á árinu sem nú er líðið.

Skógarvördurinn

þ. Vesturlandi

Unnin dagsverk hjá Skógrækt ríkisins á Vesturlandi 1958.

Dagsverk karla, frá 15. maí til 30. sept. 1175

Dagsverk kvenna á sama tíma 750

Aths.:

Ymsar ástæður eru því valdandi að ég treysti mér ekki til að gefa nákvæmar skýrslur um dagsverkatölur, en hefði ég vitsð það í vor að slíkar skýrslur ættu að koma fram, mundi ég hafa samið þær jafnóðum og reikningar voru gerðir - og mun ég hafa þann hátt á framvegis.

Einnig þarf skýringar á því hvaða dagsverk á að telja fram fyrir skógræktina og hvaða dagsverk ekki, því um þessar mundir mun ég t.d. framkvæma nálega alla gróðursetningu fyrir fjármuni frá öðrum aðilum en skógræktinni sjálfri.

Jón
Skógarvörfurinn
á Vesturlandi